

Mál nr. 158/2020**M og
V vegna eignatryggingar lausafjár.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á lausafé 10. og 13. janúar 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 4. maí 2020 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 14. maí 2020 ásamt fylgiskjölum.

Minnisblað Veðurvaktarinnar dags. 25. maí 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á vörutjaldi M hinn 10. janúar sl. vegna veðurs og að það hafi alveg sprungið hinn 13. janúar sl.

M telur að bæta eigi tjónið úr eignatryggingu lausafjár þar sem það hafi orðið vegna ofsaveðurs. M vísar til greinargerðar veðurfræðings um vindhraða og afstöðu til þess til hvaða veðurmæla eigi að líta við mat á vindhraða.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að skilyrði til greiðslu bóta séu ekki uppfyllt skv. þeim vátryggingarsamningi sem M hafði á tjónsdegi. V bendir á að það komi fram bæði í vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálum að skilyrði bótaskyldu séu að tjón verði vegna ofsaveðurs sem feli í sér að vindhraði hafi náð a.m.k. 28,5 m/sek og hafi varað í 10 mínútur samfleytt. Ekki sé hægt að sjá á veðurmælum nálægt athafnasvæði M að þannig hafi háttað til og skilyrði séu því ekki uppfyllt til greiðslu bóta.

Álit.

Samkvæmt sérstöku ákvæði í vátryggingarskírteini eignatryggingar lausafjár M sem og vátryggingarskilmálum er gildissvið vátryggingarinnar þannig afmarkað: „Félagið bætir tjón af völdum óveðurs. Með óveðri er átt við ofsaveður, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 m/sek og hefur varað í að minnsta kosti 10 mínútur samfleytt samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.“

Í þessu máli hafa verið lagðar fram mælingar frá Veðurstofu Íslands sem sýna ekki með skýrum hætti að vindhraði hafi náð 28,5 m/sek í meira en 10 mínútur á tjónsdegi. Í málinu liggur einnig fyrir sérfræðilít veðurfræðings um líkur á því að vindur hafi náð nokkrum styrk og athugasemdir við hvernig orðalag gildissviðs vátryggingarsamnings er m.t.t. nútímamælinga á veðurhæð. Það reynir á hvort M hafi sýnt fram á það að hlutlæg gildissviðsskilyrði vátryggingarsamnings séu uppfyllt. Um það ber M sönnunarbyrði. Þó M hafi lagt fram gögn um hvernig best væri að hafa slíkt orðalag og upplýsingar um að vindstyrkur hafi verið mikill á tjónsdegi verður ekki séð af þeim gögnum að hægt sé að sýna fram á mælingar sem sýni með óyggjandi hætti að vindhraði hafi náð 28,5 m/sek og varað í 10 mínútur, eins og skýrt ákvæði vátryggingarsamnings gerir kröfu um. Ekki eru heldur upplýsingar um almennt eignatjón á svæðinu. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.